

Heilbrigði og velferð dýra

# Áhrif eldgosa á dýr

Um tuttugu Heklugos hafa átt sér stað frá landnámi og valdið bændum miklum bú-sifjum. Að mati jarðfræðinga getur Hekla nú gosið hvenær sem er og því þykir rétt að minna á áhrif eldgosa á skepnur.

Gosefni sem berast með vindi geta mengað gróður og vatn og borist ofan í skepnur. Öskukornin eru oddhvöss eins og örsmá glerbrot. Þau særa augu, öndunarfæri og meltingarveg. Þau geta valdið niðurgangi, tannsliti og fótisæri. Flúor loðir við yfirborð kornanna, þeim mun meiri sem askan er finni. Því er fin aska langt frá eldstöð síst minni hætta skepnum en aska sem fellur nær. Flúor bindur kalsíum í torleyst sambönd og stuðlar þannig að kalkskorti. Bráð eitrun getur valdið doða

í ám og kúm, og klumsi í hryssum, einkum seint á meðgöngu og um burð eða köstun. Áhrif langvinnrar eitrunar er gaddur á jöxlum, sem gerir skepnunum erfitt að bíta, tyggja og jórtra, og beinmyndanir á fótleggjum, sem valda holti. Önnur eitrunarhætta, sem við má búast í tengslum við eldgos, er vegna koltvísýrings í gosgufum. Hann sest í lægðir og getur valdið köfnun.

Hættan er breytileg eftir árstíð, dýrategund, aldri, magni flúors og annarra efna í öskunni og hvert askan berst. Hindra skal ef unnt er öskufall á skepnurnar og í fóður þeirra og sjá til þess að þær hafi aðgang að hreinu drykkjarvatni. Ef aska fellur á óslegið tún á heyskapartíma er vissara að bíða með slátt þar til rígt hefur, sama gildir um



Morgunblaðið/PÖK

**Gýs Hekla brátt?** Gosefni sem berast með vindi geta mengað gróður og vatn og borist ofan í skepnur.

beitiland. Flúorinn þynnist fljótt og eitrunarhætta dvínar, þegar rignir. Falli flúormenguð aska á hey þarf að meta magn flúors, sem gæti borist í skepnurnar og taka ákvörðun um nýtingu heysins á grundvelli þess.

Þegar eldgos verður mun Mat-

vælastofnun fylgjast grannt með gosinu með hliðsjón af veðurspá til að meta hvar búfé er í hættu og vinna með bændum og opinberum aðilum að viðbrögðum. Þar sem öskufall er mikið þarf að hýsa búféð og tryggja því aðgang að hreinu drykkjarvatni.

Nánari upplýsingar um áhrif eldgosa á dýr er að finna í grein eftir Sigurð Sigurðarson dýralækni, sem er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar: [www.mast.is](http://www.mast.is).

Auður L. Arnþórsdóttir, sóttvarna-dýralæknir hjá Matvælastofnun.